

Alþingi,
Atvinnuveganefnd
sent rafrænt á nefndasvid@althingi.is

Ísafirði 29. október 2018

Vísað er til beiðni frá atvinnuveganefndar Alþingis, um umsögn frumvarps til laga um breytingu á lögum um svæðisbundna flutningsjöfnun, 158. mál, 149. löggjafarþing.

Sveitarfélög á Vestfjörðum, Fjórðungssamband Vestfirðinga og Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða unnu þessu máli brautargengi á sínum tíma sem skilaði að lokum verulegum árangri. Því vill Fjórðungssamband Vestfirðinga lýsa stuðningi við markmið frumvarpsins um að framlengja gildistíma, stækka áhrifasvæði og fjölga atvinnugreinum sem geta nýtt svæðisbundna flutningsjöfnun.

Fjórðungssambandið vill gera eftirfarandi athugasemdir.

Ástand vega

Frumvarpið er m.a. ætlað til að fylgja eftir verkefni innan Byggðaáætlunar 2017-2023, nánar tiltekið

A.17. Svæðisbundin flutningsjöfnun.

Verkefnismarkmið: Að endurskoða lög um svæðisbundna flutningsjöfnun, nr. [160/2011](#). Skoðaðir verða möguleikar til breytinga á styrkjum til framleiðslufyrirtækja, svo sem svigrúm til hækkunar á hlutfalli styrks vegna ástands vega, stytting á lágmarksvegalengd og það að bæta við atvinnugreinum. Stefnt verði að því að breyting á lögum verði samþykkt á Alþingi fyrir árslok 2018.

Í frumvarpinu er tekið öllum þáttum sem nefnd eru í markmiðum framangreinds verkefnis Byggðaáætlunar, nema ekki lagt mat á svigrúm til hækkunar styrks *vegna ástands vega*. Við setningu laganna var m.a. horft til að verið væri að mæta þeim vanda sem þungatakmarkanir og vetrarfærð sköpuðu. Þeir aðilar sem byggju við góðar samgöngur hefðu minna með flutningsjöfnun að gera. Í greinargerð með frumvarpinu á sínum tíma var nefnt að við endurskoðun á síðari tímum yrði þessi þáttur *ástand vega* metinn.

FV leggur til við atvinnuveganefnd taki til skoðunar hvort þessi þáttur hafi við metin við undirbúning frumvarpsins og hver hafi verið niðurstaða þess mats. Hafi þessi þáttur ekki verið metin, þá kalli nefndin eftir upplýsingum um ástæður þessa og kalli eftir úrbótum. Rétt er að minna á að flutningar til og frá byggðarlögum á sunnanverðum Vestfjörðum fara enn um malarvegi á Vestfjarðavegi 60 um Gufudalssveit.

Hámark fjárhæð styrks.

Samkvæmt ákvæðum 1. gr frumvarpsins verður þak á hámarkstyrk sett á 200.000 evrur á hverju þriggja ára tímabili. FV hefur upplýsingar frá fyrirtækjum að þessi fjárhæð sé takmarkandi m.a. hafa gengissveiflur íslensku krónunnar haft áhrif á hámarki á styrk. FV leggur til við atvinnuveganefnd að kanna hvort hækka megi tilgreina fjárhæð m.a. með því að tilgreina hana við íslenskar krónur.

Áhrif strandflutninga á nýtingu fjármagns til svæðisbundinnar flutningsjöfnunar.

Í greinargerð með frumvarpinu er bent á að strandflutningar hafi áhrif á hvort fyrirtæki geti nýtt sér ákvæði flutningsjöfnunar og það hafi m.a. leitt til þess að fjármagn til verkefnisins hafi ekki verið að fullu nýtt.

Þegar lög um svæðisbundna flutningsjöfnun tóku gildi 1. janúar 2012 voru liðin fjögur ár frá því strandsiglingar á hafnir á Vestfjörðum höfðu lagst af. Á fyrri hluta árs 2013 ákváðu skipafélögin Samskip og síðan Eimskip að hefja siglingar að nýju með viðkomu á Ísafirði. Siglingar á Patreksfjörð hófstu hinsvegar ekki. Nú hefur Samskip ákveðið að hætta siglingum á Ísafjörð en taka upp siglingar frá Bíldudal.

Strandsiglingar eru alfarið á vegum einkaaðila og eru sífelldum breytingum háð. Þannig hefur dregið úr þörf fyrir flutningsjöfnun tímabundið á Ísafirði en nú gæti orðið breyting á með því að einn aðili sinnir flutningum í stað tveggja. Tækifæri myndast hinsvegar fyrir fyrirtæki á sunnanverðum Vestfjörðum að nýta sér strandflutninga.

Þörf fyrir fjármagn til verkefnisins er því sveiflukennnd vegna áhrifa strandflutninga og beinir FV því til atvinnuveganeftndar að taka til skoðunar hvernig mæta megi slíkum sveiflum.

Annað

Í 3. kafla í greinargerð með frumvarpinu eru tilgreind ný landsvæði sem mun koma undir gildisákvæði laga um svæðisbundna flutningsjöfnun. FV vill benda á að einnig munu þá öll sveitarfélög á Vestfjörðum falla hér undir m.a. þéttbýlið á Hólmavík og Reykhólum sem eru í dag utan 245 km radíusar.

F.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga

Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri